

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 14. júlí 2023

Mál nr. E-78/2021:

Ríkissjóður Íslands
(Hilmar Gunnlaugsson lögmaður)
gegn
Hallgrími Þórhallssyni
(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður)

Úrskurður

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní 2023, er höfðað með réttarstefnu, útgefinni 26. apríl 2021, en birtri í Lögbirtingablaðinu 3. júní sama ár, þar sem Ríkissjóður Íslands, [...], höfðar eignardómsmál.

2. Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi:

Að stefnanda, Ríkissjóði Íslands, verði dæmdur eignarréttur á fasteigninni Hjarðarbóli, 701 Fljótsdalshreppi, fastanúmer 217-3020, landnúmer 156-958, og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Gerð er krafa um málskostnað á hendur þeim sem að réttafarslögum kunna að gerast aðilar að máli þessu.

3. Við þingfestingu málsins, þann 3. júní 2021, tók stefndi, Hallgrímur Þórhallsson, [...], til varna, en dómkröfur hans eru svohljóðandi:

Að dómkröfum stefnanda verði alfarið hafnað. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

4. Við flutning málsins var af hálfu stefnda vikið að því að eftir atvikum bæri að vísa máli þessu frá dómi án kröfu þar sem skilyrðum XVIII. kafla um laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, um eignardómsmál, væri eigi fullnægt. Af hálfu stefnanda var þessum sjónarmiðum stefnda andmælt við flutning málsins.

Við aðalmeðferð málsins gaf aðilaskýrslu Hallgrímur Þórhallsson, bóndi á [...], með lögheimili að [...], en vitnaskýrslu gaf bróðir hans, Jóhann Frímenn Þórhallsson, bóndi í [...] í sama sveitarfélagi.

II.

Málavextir.

1. Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu og við flutning málsins svo að býlinu Hjarðarbóli í Fljótsdalshreppi hafi verið skipt úr landi jarðarinnar Brekku (1/2 Brekkujörðin) með samþykki og leyfisbréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 21. mars 1947. Hafi þetta komið til vegna tilmæla Þórarins Bjarnasonar, sem hafi óskað eftir ábúð á þjóðjörðinni Brekku í Fljótsdalshreppi, og þá með þeim hætti að honum yrði byggð hálfenda jarðarinnar frá og með næstu fardögum, til lífstíðarábúðar eða erfðaleigu.

2. Samkvæmt gögnum og frásögn stefnanda var jörðin Brekka ríkiseign á þeim tíma sem Þórarinn Bjarnason bar fram fyrrgreinda beiðni. Fram kemur í bréfi ráðuneytis, að það skilyrði hafi verið sett að leyfishafinn, Þórarinn, greiddi fyrir jörðina; „að hálfu og nýtti hana á móti ábúanda hinnar háflendu Brekku“. Þá er í leyfisbréfinu eftirfarandi skráð: „Ráðuneytið telur rétt, að landskipti fari fram á jörðinni, sem sé á tünnum og engi.“

3. Með leyfisbréfi Menntamálaráðuneytisins, dagsettu 28. desember 1950, var Þórarinn Bjarnasyni veitt heimild til; „að taka upp nafnið Hjarðarból á nýbýli, er hann hefur reist í landi Brekku í Fljótsdal Norður-Múlasýslu“. Að þessu leyti skírskotaði ráðuneytið til laga nr. 51/1937 um bæjanöfn o.fl. Bréfi þessu var þinglýst 20. janúar 1951.

4. Í bréfi til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dagsettu 23. ágúst 1956, greinir Landsnámsstjóri frá því að hann hafi samkvæmt beiðni ráðuneytisins gert tilraun til þess að; „jafna ágreining út af landskiptum og fleiru milli ábúandans á Brekku og ábúanda á Hjarðarbóli, sem er ½ jörðin Brekka“. Að þessu leyti er vísað til bréfs hreppstjóra Fljótsdalshrepps, dagsetts 21. desember 1955, um að skipti jarðarinnar hafi verið heimiluð af ráðuneytinu og að gert hafi verið ráð fyrir að bæði býlin hefðu byggingar sínar heima á Brekku. Í bréfi Landsnámsstjóra kemur m.a. fram að býlinu Hjarðarbóli hafi verið gert að taka við jarðarhúsum, hálfu fjósi og helmingi rafstöðvar. Þá segir þar einnig:

„Við landskipti sem síðan fóru fram er jörðinni skipt þannig hinn 15. júlí 1947 að sá helmingur jarðarinnar sem síðar varð býlið Hjarðarból fær land innan Hölknár ofan þjóðveggar og þar með beitarhúsin á svonefndu Skógargerði, sem eru jarðarhús þess býlis,

og part af svonefndu Volatúni ... og jarðarslægju innan túngirðingar að sunnan og vestan á landi sem vart er ræktanlegt. Þessi skipti voru með þeim hætti, að þó finna mætti stað á Volatúni fyrir íbúðarhús var þar ekki nein aðstaða til ræktunar eða fyrir aðrar byggingar, og ræktunarland búsins varð þá í 2,4 km fjarlægð frá þeim stað, er hægt var að byggja ef byggt var heima. Skiptin fyrirbyggðu því að svo væri gert.

Þar sem Hjarðarból er byggt á beitarhúsum þá er eðlilegt að breytt sé skiptum og umráðum yfir rafstöðinni, svo og þeim jarðarhúsum, þ.e. fjósi, sem Hjarðarbóli var ætlað að hafa heima á Brekku, þar sem þetta getur ekki orðið notað frá býli sem er í 2,4 km fjarlægð frá þessum mannvirkjum.“

Að ofangreindu sögðu er í bréfi Landsnámsstjóra lýst ætluðu samkomulagi þáverandi ábúenda, og þá þannig að gert hafi verið ráð fyrir að Sveinn Jónsson, „ábúandi á heimajörðinni Brekku“, fái Hjarðarbólsstykkið af Volatúni og slægjur sunnan og vestan við það innan túngirðingar, en í þess stað fái Þórarinn Bjarnason á Hjarðarbóli Innstahólma og Miðhólma og lönd ofan þeirra og þannig að þjóðvegi, og þá samkvæmt markalínu, sem nánar er tilgreind. Að þessu sögðu leggur Landsnámsstjóri til að Þórarinn falli frá öllum kröfum sínum varðandi umrædda rafstöð, en einnig að helmingi í hálföllnu fjósi á Brekku.

Að öllu ofangreindu sögðu setur Landsnámsstjóri í bréfi sínu fram þá tillögu sína að í byggingarbréfi komi fram texti um tiltekin merki milli Hjarðarbóls og heimajarðarinnar Brekku; „samkvæmt landskiptagerð, dags. 15. júlí 1947 og samkomulagsbreytingu á þeim skiptum, gerðum þann 15. ágúst 1956“. Leggur Landsnámsstjóri til að í texta, „undir fyrirsögninni landamerki í byggingarbréfi Hjarðarbóls“, segi eftirfarandi:

„Afmarkast þessi háflenda Brekku frá framhluta jarðarinnar, sem nú heitir Hjarðarból sem hér segir:

Heimajörðinni fylgir heimatún allt og slægjur innan túngirðingar.

Framhlutanum, þ.e. Hjarðarbóli, fylgir Skógargerðistún svo og land allt ásamt engjum innan Hölknár og ofan þjóðvegur að Hengifossá, sem er landamerki milli Mela og Brekku, ennfremur neðan vegar Innstihólmi og Miðhólmi og land ofan þeirra að þjóðvegi, að merkjalínu sem sett er á landinu, er miðast af beinni sjónhendingu þannig: Frá norðurhorni steinsteypts fjóss á Hjarðarbóli bein sjónhending í járnhæl við kvíslina suðvestur af túnbletti frá Brekku, og beint framhald af þeirri línu þar til hún sker Jökulsá í Fljótsdal.

Heimajörðinni fylgir land allt ásamt þeim engjum, sem á því eru utan Hölknár og

neðan þjóðveggar að framlýstri landamerkjalinu Hjarðarbóls.“

Í niðurlagi bréfs Landsnámsstjóra er tekið fram að umrætt samkomulag um breytingu á skiptum, m.a. á landi, taki gildi fallist ráðuneytið á það og þá frá fardögum árið 1957 að telja, og þá þannig að fyrrnefndur Sveinn Jónsson láni Þórarni endurgjalds-laust túnblettinn á Hólmagrundinni árin 1957 og 1958, en á móti beri Þórarinn á túnið, en skili því síðan í árslok hins síðarnefnda árs.

Lokaorðin í bréfi Landsnámsstjóra eru á þá leið að það sé sent ráðuneytinu sem tillaga til lausnar á ágreiningi, og er tekið fram að báðir aðilar hafi samþykkt hana.

5. Á meðal þeirra gagna, sem stefnandi hefur lagt fram eru tvö afrit, þar sem prentað hefur verið á dagsetningin 21. mars 2002. Af hálfu stefnanda eru þessi afrit nefnd „endurrit úr landamerkjabók“, sbr. dskj. nr. 44 og 45.

Ráðið verður að nefnd afrit þessi stafi frá Sýslumanninum á Seyðisfirði, en í heiti þeirra er prentað annars vegar „Brekka, ytri hluti“ og hins vegar „Hjarðarból = fremri helmingur Brekku“. Texti afritanna er samhljóða, en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Úr byggingarbréfi fyrir hálfri Brekku, dags. 3. október 1956:

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus, sem hér segir:

„Samkvæmt landskiptagerð, dags. 15. júlí 1947, og samkomulagsbreytingu á þeim skiptum, gerðri þann 15. ágúst 1956 afmarkast þessi háflenda Brekku frá framhluta jarðarinnar, sem nú heitir Hjarðarból ...““ Að þessu sögðu er merkjum Hjarðarbóls, þ.e. fremri hluta Brekku og heimajörðinni Brekku, lýst í samræmi við áðurakta tillögu Landsnámsstjóra í fyrrgreindu bréfi hans til Dómsmálaráðuneytisins, frá 23. ágúst 1956, sbr. lið 4 hér að framan.

6. Í byggingarbréfi Sýslumannsins í Norður-Múlasýslu á Seyðisfirði, dagsettu 28. janúar 1951, sem Þórarinn Bjarnason, til heimilis að Brekku, hefur áritað til samþykktar, er honum byggð til löglegrar ábúðar- og erfðaleigu ½ (háflendu) þjóðjörðin Brekka í Fljótsdal frá fardögum 1947 og þá samkvæmt þágildandi lögum um ættaróðal og erfðaábúð nr. 116/1943.

Í byggingarbréfinu er m.a. tiltekið landverð Hjarðarbóls, en einnig húseignir ríkisins á býlinu, ítök, hlunnindi og kúgildi. Þá eru í bréfinu m.a. ákvæði um eftirgjald eða leigu á fyrrnefndum eignum, svo og um réttindi og skyldur ábúandans og lánardrottins, þ.e. landeigandans, íslenska ríkisins.

Í byggingarbréfinu segir einnig í stöðluðum texta að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus, en eigi segir þar nánar um merkin eða þrætulönd. Tekið er fram að ákvæði byggingarbréfsins taki eigi gildi fyrr en lánardrottinn hafi ritað á það samþykki sitt.

Samkvæmt byggingarbréfinu staðfesti embættismaður í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu efni þess með áritun sinn þann 14. mars 1951.

7. Í stefnu gerir stefnandi nánari grein fyrir málavöxtum og forsögu svonefndrar Brekkutorfu í Fljótsdal, líkt og hér á eftir verður að nokkru rakið í liðum 6 og 8, og er það ágreiningslaust.

8. Skriðuklaustur, í eigu kaþólsku kirkjunnar, eignaðist Brekku árið 1513 ásamt hjáleigunum Brekkugerði og Brekkugerðishúsum, þ.e. hina upphaflegu Brekkutorfu frá Hengifossá og út að Marklæk innan við Geitagerði, neðan frá Lagarfljóti og inn á miðja Fljótsdalsheiði, 34 hundraða land að fornu mati. Árið 1537 var lútherstrú lögleidd í Danmörku, sem leiddi til þess að konungar urðu æðstu yfirmenn kirkjunnar. Þann 2. september árið 1537 gaf Kristján 3. Danakonungur út lög um kirkjuskipan, sem finna má í Lovsamling for Island, 1. bindi. Á bls. 43 kemur fram að reglurnar hafi tekið gildi í umdæmi Skálholtsbiskups árið 1541, en árið 1551 í umdæmi Hólabiskups. Í framhaldi af þessum lögum hafi konungur gefið út tilskipun um eignaupptöku kaþólsku klaustranna á Íslandi og allra eigna þeirra, þ.m.t. jarðeigna.

9. Stefnandi byggir á því í stefnu að jörðin Brekka hafi samkvæmt framansögðu verið í konungseigu, sem hafi verið ríkisvald, en með eflingu íslensks ríkisvalds, á síðari hluta 19. aldar og áfram á þeirri 20., hafi jarðeignir konungs á Íslandi orðið eign stefnanda, íslenska ríkisins. Stefnandi rekur málavexti og forsöguna nánar, sbr. lið 10.

10. Frá 16. öld var konungur/ríkið eigandi Brekkutorfunnar. Í Jarðabók 1597 kemur fram að á meðal jarðeigna Danakonungs voru taldar Skriðuklaustur, Brekka og Brekkugerðishús. Í Jarðabók 1698 er yfirlit yfir eignir Skriðuklausturseignar konungs, og þar eru m.a. tilgreindar Brekka, Brekkugerði og Brekkugerðishús. Í vísitasíu frá 1677 kemur fram að Skriðuklaustur eigi þær eignir sem nefndar séu í fornum máldögum, sbr. m.a. efni vísitasíu frá 1641, þar sem segir: „... enn það Kirkiann hefur adur utann Sig átt er nu Komid under Kongs vallded undann andlegrj Inspection allt nema það Kirkiann a

Jnnann sig ...“ Stefnandi bendir á að hin síðast greinda tilvísun sé úr úrskurði óbyggðanefndar frá 29. maí 2007 í máli nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal. Í því sambandi þurfi að hafa í huga að ekki hafi verið gerðar neinar kröfur um að hluti Brekkutorfunnar væri þjóðlenda og því hafi þær jarðir ekki með beinum hætti verið til umfjöllunar hjá óbyggðanefndinni. Byggir stefnandi á því að af því verði að gagnálykta að litið hafi verið svo á að landið hafi verið háð einkaeignarrétti.

Stefnandi tiltekur í stefnu að í ritinu, Fljótsdælu, sem út hafi komið árið 2017 sé greinargott yfirlit yfir útskiptingu jarða úr heimajörðinni, Brekku, og segir að af þeirri umfjöllun verði eftirfarandi m.a. ráðið:

„Brekka var stórjörð utan við Hengifossá, en hennar var þó ekki getið í forn-sögum. Mun elsta heimild um hana vera í fornbréfi frá 1492 þar sem getið er um skógarítak Brekku á Hallormsstað.

Skriðuklaustur eignaðist Brekkujörðina 1513 með hjáleigum og síðan varð hún konungseign. Árið 1772 var heimajörðin lögð lækni í Austfirðingafjórðungi til frjálsrar brúkunar og varð hún læknissetur til 1844 og síðan aftur frá 1903 til 1944, er spítali sem þar var brann og ákveðið var að byggja nýjan læknisbústað á Egilsstöðum, sbr. lög nr. 58/1947 um Egilsstaðakaupún í Suður-Múlasýslu.

Seint á 18. öld var Brekkugerði skilin frá heimajörðinni og var frá þeim tíma í ríkiseigu þar til núverandi ábúendur keyptu hana árið 1997.

Brekkugerðishús (Hús) var upphaflega beitarhús frá Brekkugerði en var aðskilin þeirri jörð um 1925. Á þeim tíma voru báðar jarðirnar hjáleigur frá Brekku, sem var klaustursjörð og síðan kóns- eða ríkisjörð.

Sömu upplýsingar er að finna í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi frá 1975. Þar er landi jarðarinnar Hjarðarbóls lýst svo: *Jörðin á helming fyrra Brekkulands, fremri hluta. Mörk við Mela neðan þjóðvegjar eru bein lína frá Jökulsá, miðuð við járn-hæl í nesinu og fjóshorn á H; ofar ræður Hengifossá upp í heiði. Að utan eru Brekkumörk við þjóðveginn og Hólkná. Upprekstrarland er óskipt. Jörðin er ríkiseign, en ræktun, hús og girðingar (um 8 km) eign ábúanda.*

Í sama riti kemur fram að Hjarðarbóli hafi upphaflega fylgt 1,5 ha af heimatúni á Brekku, en síðar hafi verið skipt á því og spildu nær Hjarðarbóli. Má ætla að bréf Landsnámsstjóra til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 1956, fjalli um þetta, þ.e. samkomulag á milli ábúenda Hjarðarbóls og Brekku um breytingu á landi jarðanna og húsakosti. Var eftirleidis byggt á þessari skipan.“

11. Af hálfu stefnanda er áréttað og byggt á efni fyrrgreinds leyfisbréfs Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 21. mars 1947, til handa Þórarni Bjarnasyni, sbr. liði 2–3 hér að framan. Að auki vísar stefnandi til þess að Þórarinn hafi fengið leyfi þann 28. desember 1950 til að taka upp nafnið Hjarðarból á nýbýli sitt, sbr. fyrrgreint bréf menntamálaráðherra, þinglýst þann 20. janúar 1951.

Stefnandi byggir jafnframt á því, og áréttar, að þann 28. janúar 1951 hafi umboðsmaður þjóðjarða í Fljótsdalshreppi, Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, gefið út byggingarbréf um erfðaleiguábúð til handa nefndum Þórarni á Brekku, og þá fyrir hálfleudu þeirrar jarðar, sem fengið hafði nafnið Hjarðarból. Þá hafi byggingarbréfið verið staðfest af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 14. mars 1951. Stefnandi staðhæfir einnig á að Þórarinn hafi fengið veðleyfi frá stefnanda vegna lántöku tryggða með veði í jörðinni Hjarðarbóli, í apríl 1951, „og aftur að því er virðist 1959“.

12. Stefnandi bendir á að Þórarinn og eiginkona hans, Ingibjörg, hafi búið á Hjarðarbóli til endadægurs, á árunum 1990 og 1994, en þá hafi sonur þeirra, Gunnar, tekið við búinu, árið 1994, og hafi hann haft þar aðsetur æ síðan. Stefnandi bendir á að við ábúendaskiptin hafi farið fram úttekt, þann 1. maí 1995, sem gerð hafi verið af hreppstjóra Fljótsdalshrepps ásamt fulltrúa jarðadeildar ríkisins. Þar hafi verið tilgreindar eignir ríkisins og fráfaranda á jörðinni. Stefnandi bendir á að Gunnar hafi þann 28. febrúar 2020 ritað bréf til Ríkiseigna, f.h. Ríkissjóðs Íslands, og falast eftir því að ná samningum um uppsögn ábúðar gegn áframhaldandi eignarhaldi á mannvirkjum og gerð lóðarleigusamnings. Hafi komið skýrt fram að vilji Gunnar hafi staðið til þess að ættingi hans fengi rétt til að byggja jörðina, enda hafi það verið í samræmi við yfirlýsingu þar um, dagsetta sama dag, sbr. dskj. nr. 20.

13. Í stefnu, líkt og við flutning, staðhæfir stefnandi að foreldrar stefnda, Hallgríms Þórhallssonar, hafi hafið búskap á jörðinni Brekku árið 1960, sbr. dskj. 18, bls. 7, og dskj. 35. Þau hafi leigt jörðina, þ.e. gömlu Brekku, en að byggingarbréf vegna þessa hafi þó fyrst verið gert árið 1967, en hafi þó gilt frá árinu 1960.

14. Samkvæmt gögnum fékk Lilja Hallgrímsdóttur, móðir stefnda Hallgríms Þórhallssonar, þann 10. júlí 1977, búsetuleyfi hjá Sýslumanninum í Norður-Múlasýslu til setu hennar í óskiptu búi, en eigenmaður hennar og faðir stefnda hafði andast þann 2.

febrúar nefnt ár. Leyfinu var þinglýst 5. mars 1981, sbr. skjal nr. 161/1981, en í athugasemd þinglýsingastjóra er skráð að skjalinu hafi verið; „þinglýst á ríkisjörðina Brekku í Fljótsdal, en arfleifandi hafði ábúðarrétt þar“.

15. Stefnandi staðhæfir að samkvæmt framlögðum gögnum hafi stefndi, bróðir hans og móðir á árinu 1980 óskað eftir því að jörðinni Brekku (núverandi) yrði skipt upp enn frekar, og þá í tvö býli. Erindi þessu hafi verið hafnað sama ár af jarðanefnd Norður-Múlasýslu með svofelldum rökstuðningi: „... þar sem jörðin sé það landlítil, að hún geri ekki betur en að bera eitt gott bú.“ Hafi þessari niðurstöðu ekki verið haggð á síðari stigum.

Stefndi, Hallgrímur, hefur í aðilaskýrslu andmælt málatilbúnaði stefnanda að þessu leyti, og kannast ekki við að hafa staðið að umsókn um skiptingu jarðarinnar Brekku. Er til þess að líta að fyrrgreind gögn bera þess ekki merki að stefndi hafi ekki komið að þessum ætluðu áformum.

16. Samkvæmt gögnum fékk stefndi, Hallgrímur Þórhallsson, jörðina Brekku byggða sér frá fardögum 1986 að telja til lífstíðarábúðar samkvæmt ákvæði ábúðarlaga nr. 64/1976, að því er varðað hafi land og ræktun, sbr. að því leyti framlagt veðbandayfirlit um jörðina í þinglýsingabók sýslumanns.

Stefndi bendir á, við flutning og í aðilaskýrslu, að ofangreind ráðstöfun hafi verið raungerð með byggingarbréfi, dagsettu 2. júlí 1987, sem staðfest hafi verið af þáverandi landbúnaðarráðherra þann 6. nóvember sama ár, og þá gegn ákveðnu leiguverði, en einnig tiltekinni ákvöð í samræmi við ákvæði skógræktarlaga nr. 3/1955.

Í byggingarbréfinu er um landamerki jarðarinnar Brekku vísað til landamerkjaskrár Norður-Múlasýslu.

17. Samkvæmt gögnum seldi landbúnaðarráðherra með afsalsgerningi, dagsettum 1. júlí 1997, fyrir hönd jarðadeildar landbúnaðarins, vegna stefnanda, Ríkissjóðs Íslands, stefnda, Hallgrími Þórhallssyni; „eignarhlut ríkisins í jörðinni Brekku í Fljótsdalshreppi, ásamt öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni fylgja og fylgja ber og nánar greini“ og hvarf hún þar með úr ríkiseigu. Samkvæmt afsalinu hafði hreppsnefnd Fljótsdalshrepps og jarðanefnd Norður-Múlasýslunnar áður samþykkt efni gerningsins. Samkvæmt afsalinu var um að ræða; „land jarðarinnar, ásamt 10,5 ha ræktun. ... Jörðinni og því sem henni fylgi ber er afsalað í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og

sættir sig við í alla staði. Kaupandi hefur haft ábúð á jörðinni frá fardögum 1986 að telja. Um landamerki jarðarinnar vísast til landamerkjaskrár Norður-Múlasýslu og hefur kaupandi kynnt sér merkin. Rísi ágreiningur um landamerki jarðarinnar, undanskilur seljandi sig allri ábyrgð.“

18. Stefnandi bendir á að á árinu 1997 hafi jörðin Brekkugerði í Fljótsdal horfið úr ríkiseigu, er hún hafi þá verið seld af Ríkissjóði Íslands til núverandi nafngreindra eigenda. Stefnandi vísar til þess að frumskjal jarðarinnar sé samkvæmt gögnum skjal nr. 1025/1993, en þar sé um að ræða leigusamning við núverandi eigendur jarðarinnar, dags. 29. september 1993. Stefnandi vísar til þess að veðbandayfirlit vegna Brekkugerðis sé á meðal framlagðra dómskjala í máli þessu.

Stefnandi bendir á að árinu 2005 hafi jörðin Hús-Brekkugerðishús í Fljótsdal einnig horfið úr ríkiseigu, en hún hafi þá verið seld af Ríkissjóði Íslands (jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins) til þáverandi nafngreindra ábúenda jarðarinnar. Nefndir kaupendur, hjón, hafi síðar selt jörðina til nafngreinds einstaklings með kaupsamningi, dagsettu í ágúst og 15. nóvember 2006, og afsali, dagsettu 30. maí 2007. Þá hafi hinn síðast greindi kaupandi afsalað jörðinni 10 dögum síðar til nafngreinds einkahlutafélags, og hafi þessum síðastnefndu afsölum verið þinglýst sama dag.

III.

1. Stefnandi byggir á því að eignarheimild Ríkissjóðs Íslands á hinni upphaflegu Brekkujörð, þ.e. Brekkutorfunni, og síðar þeim fjórum eignum sem orðið hafi til úr heimajörðinni, þ.e. Brekku, F2172890; Brekkugerði, F2172902; Húsum-Brekkugerðishúsum, F2172913; og Hjarðarbóli, F2173020; sé ein og hin sama. Allar þessar jarðir hafi verið klaustursjarðir í eigu Skriðuklausturs er konungur eignaðist þær með eignaupptöku á 16. öldinni í framhaldi af siðaskiptum á Íslandi. Ríkissjóður Íslands hafi á hinn bóginn ekki selt jörðina Hjarðarból frá sér, og þá ólíkt hinum þremur jörðunum á torfunni.

2. Stefnandi bendir á, þ. á m. við flutning, að í september 2019 hafi Ríkiseignir, umráðaaðili Hjarðarbóls, óskað eftir veðbókarvottorði vegna eignarinnar. Hafi Ríkiseignir fengið þau svör frá Sýslumanninum á Austurlandi að Hjarðarból væri óstaðfest í þinglýsingabókum þar sem engri eignarheimild hefði verið þinglýst og því

væri eigi unnt að gefa út þinglýsingarvottorð vegna hennar. Hafi þessi afstaða sýslumanns komið mjög á óvart, enda hafi jarðeignin verið með sérstaka síðu í veðmálabók sýslumanns, hún verið byggð tvívegis til ábúðar, úttekt framkvæmd, lán tekin út á hana og ríkissjóður í einu og öllu komið fram sem eigandi án þess að eignarhaldið hafi nokkru sinni verið vefengt. Stefnandi vísar í þessu samhengi til veðmálabókarinnar, sem sýni að jörðin Hjarðarból sé þar tilgreind sem ríkisjörð úr landi Brekku. Stefnandi staðhæfir jafnframt og áréttar að á jörðina hafi verið þinglýstar kvaðir vegna lána, sölu fullvirðisréttar og sammings við Héraðsskóga um nytjaskógrækt.

Stefnandi bendir á að lýst afstaða sýslumanns hafi virst lúta að því að vefengja upphaflegt eignarhald konungsins og þannig ríkisins, sbr. framlögð tölvupóstsamskipti þar um. Af þeim sökum hafi stefnandi litið svo á að fullreynt hafi verið að reyna að fá sýslumann til að staðfesta að marglýstri eignarheimild væri eigi áfátt, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Stefnandi byggir á því að í ljósi þessa hefði reyndar hið sama átt að gilda um aðrar jarðir á Brekkutorfunni, sbr. það sem hér að framan hefur verið rakið, þó svo að það hafi ekki verið raunin.

Við flutning málsins var af hálfu stefnanda vísað til þess að afstaða stefnda hafi eigi verið hin sama og sýslumanns, og vefengi hann eigi upphaflegt eignarhald stefnanda á Brekkutorfunni.

Stefnandi bendir á að án veðbókarvottorðs sýslumanns, sem staðfestir fyrrgreint eignarhald ríkisins á jörðinni Hjarðarbóli, sé honum ómögulegt að ráðstafa henni til ábúðar svo gilt sé.

Stefnandi byggir á því að í ljósi ofangreinds hafi hann talið óhjákvæmilegt annað en að höfða mál til þess að fá eignarhald sitt á jörðinni Hjarðarbóli staðfest, sbr. t.d. 3. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, þar sem segir: „*Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá höfðað eignardómsmál eftir því sem skilyrði standa til.*“ Með þessum hætti gæti stefnandi tryggt með lögformlegum hætti áframhaldandi nýtingu jarðarinnar og eytt ætlaðri óvissu um eignarhaldið.

3. Stefnandi byggir á því og áréttar, og þá m.a. í ljósi málatilbúnaðar stefnda í máli þessu, að hann, þ.e. Ríkissjóður Íslands, hafi samkvæmt framangreindum heimildum eignast jörðina Hjarðarból og hafi aldrei selt hana. Þvert á móti hafi hann haft af henni leigutekjur alla tíð, sbr. m.a. áðurrakið byggingarbréf hans til Þórarins Bjarnasonar frá árinu 1951. Þá hafi Hjarðarból verið á lögbýlaskrá alla þá tíð sem stefndi hafi búið á

Brekku. Stefnandi byggir á því að lögbylí sé þrengra hugtak en jörð og gangi þannig lengra í að staðfesta sérstaka fasteign.

4. Stefnandi byggir á því að landskipti hafi verið gerð fyrir jörðina Hjarðarból á árinu 1947, sbr. áðurrakið tillögubréf Landsnámsstjóra frá 23. ágúst 1956, og fyrrgreindra „endurrita úr landamerkjabók“ sýslumanns, sbr. dskj. nr. 15, 44 og 45. Hafi því núverandi skipan landamerkja komst á eigi síðar en árið 1956.

5. Við flutning hefur stefnandi andmælt þeim málsástæðum stefnda að eigi hafi staðið til að skipta jörðinni Brekku í tvennt. Stefnandi byggir á því að þessi röksemd stefnda gangi gegn öllu atferli og gögnum málsins, sbr. margnefnd „endurrit úr landamerkjabók“ sýslumanns, enda greini skjöl þessi skýrlega frá landamerkjum jarðanna Brekku og Hjarðarbóls. Stefnandi vísar til sömu gagna að því er varðar þá röksemd stefnda um að ekkert standi um landamerki í byggingarbréfinu til Þórarins Bjarnasonar frá árinu 1951, en að því leyti vísar stefnandi til fyrrnefndra gagna, þ.e. dskj. 15, 44 og 45, og þá einnig um að landskiptagerð hafi í raun verið gerð á árinu 1947. Stefnandi áréttar að af efni þessara gagna megi ljóst vera að núverandi skipan landamerkja hafi komist á varðandi báðar jarðirnar, Brekku og Hjarðarból, og þá einnig með samkomulagi sem gert hafi verið á árinu 1956.

Stefnandi byggir á því að gerð landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Brekkugerði og Brekkugerðishús á árunum 1954 og 1955 styðji ofangreindan málalíbúnað hans.

6. Stefnandi byggir á því og áréttar að jörðin Hjarðarból hafi síðu í veðmálalíbók sýslumanns, en hafi að auki fastanúmerið 2173020 og landnúmerið 156958. Hann byggir á því að frumskilyrði þess að eign fengi nafn samkvæmt lögum nr. 51/1937 hafi verið að viðkomandi eign teldist vera býli. Hann byggir á því að þetta styðji ásamt síðari tíma veðleyfum, veðsetningum og byggingarbréfi eindregið við málalíbúnað hans í máli þessu.

7. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi til þessa aldrei haldið því fram að hann hafi keypt Hjarðarból með ábúanda þeirrar jarðar, eða hafi óskað eftir slíkum kaupum og þá til viðbótar við kaupgerna hans um jörðina Brekku. Í því samhengi bendir stefnandi á að stefndi hafi aldrei fengið leigutekjur af býlinu Hjarðarbóli, öfugt við stefnanda, sbr. aðilaskýrslu hans fyrir dómi. Hafi stefndi þannig eingöngu leigt jörðina Brekku, sem

hann hafi haft til ábúðar um áraskeið og foreldrar hans áður um áratugaskeið. Stefnandi byggir á því að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni um kaupin, en þá jafnframt að Hjarðarból hafi verið hluti Brekku, sem hann hafi keypt árið 1997. Stefnandi áréttar að stefndi hafi aðeins haft jörðina Brekku á leigu, en hafi síðar keypt það sem hann hefði áður leigt.

8. Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til gildandi reglna á hverjum tíma um yfirfærslu og stofnun eignarréttinda yfir fasteignum. Þá byggir stefnandi á meginreglum eigna- og samningaréttar, en einnig vísar hann til 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, og við flutning vísaði hann einnig til laga um landskipti nr. 46/1941.

Að því er varðar réttarfar í máli þessu vísar stefnandi til ákvæða 3. mgr. 121. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en einnig til ákvæða 3. mgr. 80. gr. og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga. Um málskostnað vísar stefnandi til XI. kafla nefndra laga.

IV.

1. Stefnandi, Hallgrímur Þórhallsson, tekur fram að af hans hálfu sé tekið undir málavaxtalýsingu stefnanda um upphaflegt eignarhald stefnanda á Brekkutorfunni, en einnig varðandi framsal jarðarinnar Brekku og annarra Skriðuklaustursjarða.

Stefndi kveðst á hinn bóginn harðlega andmæla sem röngu og ósönnuðu, að Brekkujörðinni hafi verið skipt með lögmætum hætti í tvær jarðir með sérstökum merkjum, þ.e. Hjarðarbóli og Brekku, eftir að hjáleigunum Brekkugerði og Brekkugerðishúsum hafði verið skipt út úr jörðinni eins og nánar hafi verið lýst hér að framan og rakið í stefnu.

2. Stefnandi bendir á að elsta heimildin um tilvist og tilurð Hjarðarbóls sé að finna í áðurröktu bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 21. mars 1947, vegna umsóknar Þórarins Bjarnasonar, um ábúð á þjóðjörðinni Brekku. Stefnandi bendir á að í svarbréfi ráðuneytisins tefli það fram því áliti að rétt sé að láta fara fram landskipti á jörðinni; „*túnum og engi*“. Stefnandi byggir á því að þessi afgreiðsla ráðuneytisins bendi þó ekki til þess að til hafi staðið að skipta jörðinni Brekku í tvennt í tilefni af byggingu hálfleudu hennar heldur þvert á móti.

3. Stefnandi bendir á að í byggingarbréfi Hjarðarbóls frá árinu 1957, sbr. dskj. nr. 14,

sé III. kaflinn um landamerki auður og að í rauninni sé þar ekki stafkrók að finna um merki. Stefndi byggir á því að þetta atriði bendi til þess að háflendan hafi eftir sem áður verið hluti af Brekku, jafnvel þótt vera kunni að ræktuðu landi hafi verið skipt.

Stefndi bendir á að í byggingarbréfi ráðherra fyrir jörðinni Brekku sé þessu öfugt farið. Þar sé sérstaklega fjallað um landamerki, þ.e. að þau megi finna í landamerkjaskrá Norður-Múlasýslu, sbr. dskj. 30, bls. 10. Stefndi bendir á að sömu upplýsingar um landamerki jarðarinnar sé að finna í afsalinu um Brekku, þ.e. frá stefnanda til stefnda, frá árinu 1997.

4. Stefndi byggir á því að eigi hafi verið gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Brekku svo vitað sé, en á hinn bóginn sé í hinum fyrrnefndu gerningum tilvísun í landamerkjaskrá Norður-Múlasýslu og þá til áritaðra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða hvoru tveggja megin, þ.e. Mela og Brekkugerðis. Í báðum þessum bréfum koma landamerki jarðarinnar Brekku fram, sbr. dskj. 11, bls. 2, 9 og 10.

5. Stefndi bendir á að stefnandi hafi gert sérstakan reka að því á árunum 1954 og 1955, í tilefni af gerð nýrra byggingarbréfa, að gera sérstök landamerkjabréf fyrir fyrrum hjáleigur Brekku, þ.e. Brekkugerði og Brekkugerðishús, sbr. dskj. 11, bls. 10 og 11. Stefndi byggir á því að sennilegt megi telja, að ef ætlunin hafi verið að skipta Hjarðarbóli út úr landi Brekku með sérstökum merkjum hefði það verið gert í síðasta lagi við sama tækifæri. Það hafi hins vegar ekki verið gert. Stefndi byggir á því að þetta atriði renni enn frekari stoðum undir þá staðhæfingu hans, að land Brekku hafi þrátt fyrir byggingu háflendunnar Hjarðarbóls verið óskert og óskipt utan ræktunar.

6. Stefndi byggir á því að í ljósi ofangreindra atriða verði að telja léttvæga þá umfjöllun sem fram komi í áðurröktu bréfi Landsnámsstjóra frá árinu 1956. Í því sambandi bendir stefndi á að um sé að ræða algerlega einhliða frásögn, auk þess sem ekkert af því sem lýst sé í bréfinu, og þá um það sem gert hafi verið eða fyrirhugað hafi verið að gera, virðist hafa komið til framkvæmda. Að minnsta kosti hafi engu verið þinglýst, fært í landamerkjabók sýslunnar eða í byggingarbréf jarðarinnar Brekku og þaðan af síður hafi það komið fram í byggingarbréfi háflendunnar Hjarðarbóls.

7. Stefndi bendir á að stefnandi hafi í málarekstri sínum lagt fram blað Hjarðarbóls úr fasteigna- og þinglýsingabók Sýslumannsins á Austurlandi, sbr. dskj. nr. 21. Stefndi segir að þrennt veki þar athygli, þ.e. A) Að um ríkisjörð úr landi Brekku sé að ræða. B)

Að landið hafi ekkert númer. C) Að nafntökuleyfi sé fært sem eignarheimild, en það sé að hans áliti algerlega óþekktur stofnunarháttur fasteignar, sem eigi sér ekki stoð í lögum eða öðrum réttarheimildum.

Stefndi vísar til þess að þar sem Hjarðarból hafi sérstakt blað í fasteignabókinni en ekkert númer sé það álit hans að jörðin hafi eftir sem áður legið undir Brekku og verið undir númeri þeirrar jarðar, en sérstakt númerslaust blað hafi síðan verið gert til hægðarauka, enda hafi leiguliði getað veðsett eigur sínar sem verið hafi á háflendunni. Hina sömu niðurstöðu megi leiða af tilgreiningu landsins sem ríkisjarðar úr landi Brekku.

Stefndi bendir á að á bls. 2 í nefndri fasteignabók komi fram yfirlit yfir veðbönd og kvaðir á jörðinni Hóli í Fljótisdal (nr. 324). Byggir stefndi á því að framlagning þessa gagns hljóti að vera gerð af misgáningi, enda vandséð hvernig jörðin Hóll tengist mála-rekstri stefnanda.

8. Stefndi bendir á að ekkert í lögum banni sölu á jörð jafnvel þótt hluti hennar sé byggður með byggingarbréfi. Í því samhengi bendir stefndi á að svo virðist sem háflendan Hjarðarból hafi ekki verið byggð aftur með byggingarbréfi eftir úttektargerðina árið 1995. Stefndi bendir á að í nefndri úttekt segir að stefnandi eigi jörðina en ábúandinn mannvirki og ræktun.

9. Stefndi byggir á því að hann hafi með afsalinu frá 1. júlí 1997 eignast alla jörðina Brekku, þ.m.t. land háflendunnar Hjarðarbóls, en að ábúandinn þar hafi aftur á móti haldið eftir eignarráðum sínum yfir mannvirkjum.

Stefndi byggir á því að í ljósi ofangreinds fari fjarri að stefnandi hafi uppfyllt skilyrði 1. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 fyrir málshöfðun sinni, en af þeim sökum beri að taka til athugunar hvort vísa eigi málinu frá dómi án kröfu.

10. Stefndi andmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að hann geti byggt rétt sinn í máli þessu á hefð, enda skilyrðum hefðarlaga hvergi nærri fullnægt. Stefnandi hafi þannig mátt vita að hann hafi selt og afsalað sér öllu landi Brekku, þ.m.t. landi háflendunnar Hjarðarbóls, þann 1. júlí 1997.

11. Stefndi mótmælir sönnunargildi umfjöllunar í ritum almenns eðlis, sem stefnandi hafi teft fram í máli þessu. Að því leyti nefnir stefndi einkum ritin Fljótisdælu og Sveitir og jarðir í Múlapingi.

12. Stefndi vísar um lagaatriði í greinargerð sinni til fyrrnefndra lagagreina máli sínu til stuðnings. Jafnframt byggir stefndi á almennum reglum eignarréttarins um stofnun fasteigna og framsal þeirra. Við flutning málsins vísaði stefndi einnig til gildandi og eldri lagaákvæða, þ. á m. til laga um landamerki nr. 41/1919, landskiptalaga nr. 46/1941, laga um byggingu, ábúð og úttekt jarða nr. 1/1884, ábúðarlaga nr. 87/1933, laga um ættaróðal og erfðaábúð nr. 116/1943, laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum nr. 35/1946. Kröfuna um málskostnað byggir stefndi á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu krefst stefnandi eignardóms yfir fasteigninni Hjarðarbóli í Fljótsdalshreppi, fastanúmer 217-3020, landnúmer 156-958, og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

Stefnandi leitaði til dómsins um útgáfu eignardómsstefnu, og var á það fallist, en dómari er eigi bundinn af þeirri ákvörðun á síðari stigum, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar Íslands.

2. Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er það skilyrði fyrir því að leita eignardóms að málsaðila skorti skilríki fyrir rétti sínum.

3. Eigi er ágreiningur með málsaðilum um að stefnandi leiðir rétt sinn til hinnar fornu Brekkutorfu til Skriðuklausturs í Fljótsdal, og jafnframt að Danakonungur hafi með eignaupptöku á 16. öldinni, í kjölfar siðaskipta, tekið eignir þessar til sín, og að stefnandi, Ríkissjóður Íslands, hafi á síðari stigum fengið réttindin í sínar hendur á grundvelli stjórnskipunarлага og reglna.

Að álit dómsins liggur fyrir að Brekka hafi verið stórförð og að öll sú torfa sem henni tilheyrði hafi um aldir verið háð einkaeignarrétti.

Það er álit dómsins að stefnandi hafi með framlögðum gögnum leitt nægjanlegar líkur að því að hann hafi haft fullnægjandi skilríki fyrir eignarrétti sínum að Brekkutorfunni, og að hið sama gildi um aðila sem leiða rétt sinn frá honum á grundvelli einstakra afsals- og kaupgerna, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

4. Merkjum Brekkutorfunnar er lýst í landamerkjabók Norður-Múlasýslu með þeim hætti að þeirra er getið í merkjalýsingum þeirra jarða, sem næst henni standa, þ.e. Mela að sunnan og Arnheiðarstaða með hjáleigu hennar, Geitagerðis, að norðan. Lýsingar þessar koma fram í landamerkjabréfum, sem gerð voru á árunum 1884 og 1991. Bréf þessi voru undirrituð af rétthöfum og lesin upp á manntalsþingum á Valþjófsstað. Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir jörðina Mela árið 1922, en það var m.a. undirritað af þáverandi ábúanda á Brekku.

Hjáleigum Brekkutorfunnar, Brekkugerði og Brekkugerðishúsum, hefur á hinum síðustu áratugum verið skipt út og þær seldar. Landamerkjum þessara jarðeigna er lýst í landamerkjabók, en bréfin voru skráð á árunum 1954 og 1955. Óumdeilt er að heiðarland Brekkutorfunnar er enn óskipt.

Landamerkja býlisins Hjarðarbóls er ekki getið í landamerkjabók Norður-Múlasýslu.

Stefnandi hefur lagt fyrir dóminn ljósrít úr fasteigna- og þinglýsingabók Sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, sem varðar býlið Hjarðarból, sem forðum mun hafa við og nærri beitarhúsum Brekkutorfunnar. Á nefndu blaði er getið um nafnaleysi á nefndu býli, en leyfið stafar frá Menntamálaráðuneytinu og er dagsett 28. desember 1950. Á blað þetta er einnig skráð nafn þáverandi ábúanda býlisins, Þórarins Bjarnasonar. Eigi koma fyrir á blaði þessu, á fram- eða á bakhlið, upplýsingar um þinglýst veðbönd eða kvaðir. Er það atriði því ranghermt hjá stefnanda. Í ljósi aðstæðna og búrekstrar á býlinu verður að áliti dómsins eigi dregið í efa að gögn hafi verið til staðar, sbr. að því leyti ákvæði fyrrgreindra laga um ættaróðal og erfðaábúð nr. 116/1943, einkum 45. gr.

5. Ágreiningslaust er að jörðin Brekka var í ríkiseign þegar Dóms- og kirkjumálaráðuneytið heimilaði með leyfisbréfi, dagsettu 21. mars 1947, ábúð á parti hennar, á svo nefndri hálfleudu. Eins og hér að framan hefur verið rakið liggur fyrir að ráðuneytið lét samhliða leyfisveitingunni það álit í ljós að farsælt gæti verið að láta fara fram landskipti á jarðarpartinum og þeim hluta Brekkujarðarinnar, sem eftir stóð.

Með málsaðilum er ágreiningur um hvort landskipti þessi hafi í raun farið fram. Að auki byggir stefndi á því að hann hafi með kaupgerningi sínum við stefnanda, íslenska ríkið, á árinu 1997, fengið í sinn hlut Brekkujörðina alla, fyrir utan land hins ræktaða lands á nýbýlinu Hjarðarbóli.

6. Samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi þegar þau atvik gerðust, þ. á m. lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum nr. 35/1946, 3. gr., var Landsnámsstjóra m.a. ætlað að undirbúa tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla. Í 36. gr. þessara laga segir að það sé meginregla að slík býli eigi að fá útskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna sem því verði við komið. Er þetta m.a. í samræmi við ákvæði þágildandi ábúðarlaga nr. 87/1933, 3. gr. og 6. gr., sem kváðu á um heimild landeiganda til þess að skipta jarðeign sinni í tvær eða fleiri jarðir, með tilgreindum landamerkjum skráðum í byggingarbréfi, en þá með árituðu samþykki rétthafa, sbr. að því leyti ákvæði 2. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919. Er til þess að líta að í lögunum nr. 46/1941 um landskipti eru ítarleg ákvæði um slík skipti. Segir m.a. í 1. og 2. gr. laganna að heimilt sé að skipta heimalöndum sveitajarða, að því tilskildu að farið sé eftir tilteknu jarðamati, að kallaðir séu til úttektarmenn, að skiptagerð sé skráð í löggilta bók sýslumanns og að gerðinni sé þinglýst í veðmála- og fasteignabókum.

7. Að framangreindu virtu, ásamt þeim gögnum sem lýst er m.a. í II. kafla hér að framan, er það niðurstaða dómsins að ekki liggi fyrir, gegn andmælum stefnda, að landi býlisins Hjarðarbóls hafi með lögformlegum hætti í raun verið skipt út úr jörðinni Brekku. Hafi þannig eigi verið virt áðurgreind ákvæði landskiptalaganna nr. 46/1941 eða landamerkjalaganna nr. 41/1919. Að áliti dómsins liggja heldur eigi nægjanleg skýr gögn að baki þeim landamerkjalyásingum, og þá ekki í þeim endurritum sem stefnandi hefur lagt fram, sem styðja að um hafi verið að ræða frjáls skipti landeiganda eða leiguliða, sbr. 16. gr. landskiptalaganna, hvorki í öndverðu né síðar.

8. Að mati dómsins er í stefnu eigi nægjanleg grein gerð fyrir mörkum þess landsvæðis, sem stefnandi krefst eignardóms yfir, en eins og fram er komið er ágreiningur með málsaðilum um inntak þeirra fasteignaréttinda. Er í því viðfangi til þess að líta að stefndi átti þess fyrst kost að taka til varna í máli þessu við þingfestingu þess, en hann hefur skýrlega andmælt lýstum málsgrundvelli stefnanda.

9. Að öllu ofangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að eigi séu skilyrði til að reka mál þetta að hætti 122. gr. laga nr. 91/1991, og ber því að vísa því frá dómi. Verður enda að ætla að stefnanda séu eftir atvikum færar aðrar málsóknarleiðir.

Með hliðsjón af ofangreindu verður að áliti dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi við svo búið sérstaka þýðingu í málinu eða að þær geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins er stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og greinir í úrskurðarorði.

Hilmar Gunnlaugsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda, en Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Fyrir uppkvaðningu úrskurðarins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Ríkissjóður Íslands, greiði stefnda, Hallgrími Þórhallssyni, 900.000 krónur í málskostnað.